



Starfsáætlun Skýjaborgar 2025-2026

Júlí 2025 / með breytingum frá ágúst 2025

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	SKÓLINN	3
2.1	SKIPURIT LEIK- OG GRUNNSKÓLA HVALFJARÐARSVEITAR	3
2.2	FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI	4
2.3	SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA	4
2.4	BARNAHÓPURINN	4
3	STARFSFÓLK	4
4	SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2025-2026	5
4.1	LEYFISDAGAR	6
4.2	SKIPULAGSDAGAR	6
5	ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
5.1	SKÓLAÞRÓUN Í SAMSTARFI VIÐ MSHA	7
5.2	ÞEMU VETURINN 2025-2026	7
5.3	DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2025-2026	7
6	INNRA MAT	9
7	SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2025-2026	9

2.2 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí. Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða skrái fjarveru / sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30. Foreldrar eru beðnir um að virða þann dvalartíma sem samið er um á hverjum tíma, einnig eru þeir beðnir um að virða lokunartíma leikskólans og eiga allir að vera komnir út úr húsinu kl. 16:30.

2.3 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérparfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps skv. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn.

2.4 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi frá ágúst 2025: Í byrjun ágúst urðu breytingar og er barnafjöldinn eftirfarandi haustið 2025:

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2020	8	1	8
2021	3	1,1	3,3
2022	12	1,3	15,6
2023	4	1,6	6,4
2024	5	2	10
	32		43,3

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2020	7	1	7
2021	3	1,1	3,3
2022	13	1,3	16,9
2023	4	1,6	6,4
2024	7	2	14
	34		47,6

Gert er ráð fyrir 1,125 stöðugildi vegna tvítyngdra barna og barna með sérparfir, mat skólastjóra, sérkennara, sálfræðings og talmeinafræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

Fleiri umsóknir um leikskóladvöl síðar í vetur liggja fyrir og má því gera ráð fyrir fjölgun barna og aukinni stöðugildapörf frá janúar.

3 Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2025-2026 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Agnieszka Aurelia Korpak	Leikskólakennari	100%
Anna Karen Hafliðadóttir	Leiðbeinandi	100%
Ágústa Rós Jónsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	85%
Ásdís Björg Björgvinsdóttir	Deildarstjóri	100%
Bára Tómasdóttir	Leikskólasérkennari	100%

Diljá Marín Jónsdóttir	Leikskólaliði	100%
Elva Rut Árnadóttir	Deildarstjóri	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi	34%
Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi - leyfi	
Karina Aleksandra Podlowska	Leikskólakennari	100%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	60%
Védís Fríða Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Viktoria Pelek	Matráður	100%
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	13,75%
	Stöðugildi samtals	12,59

Stöðugildapörf í Skýjaborg reiknast eftirfarandi frá hausti skólaárið 2025-2026, **vinstra** megin áætlun gerð í júlí, hægra megin með breytingum sem hafa orðið í ágúst:

Stjórnun	1	Stjórnun	1
Eldhús	1	Eldhús	1
Grunnstöðugildi	5,4125	Grunnstöðugildi	5,95
Sérkennsla	1,375	Sérkennsla	1,125
Afleysing v. undirbúnings kennara	1,3	Afleysing v. undirbúnings kennara	1,3
Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda	0,15	Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda	0,15
Afleysing 8,33%	0,732	Afleysing 8,33%	0,7559
Tengiliður	0,1	Tengiliður	0,1
Samtals	11,0695	Samtals	11,3809
ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	12,4884	ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	12,8443

4 Skóladagatal Skýjaborgar 2025-2026

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og velferðar- og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Einnig var lögð könnun fyrir foreldra varðandi tímasetningu á sumarlokun. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgdag. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum. Skóladagatalið má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skoladagatol> og á mynd hér fyrir neðan.

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. F	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. S	1. S	1. M	1. F	1. M	1. M
2. L	2. S	2. F	2. S	2. D	2. F	2. M	2. M	2. F	2. L	2. D	2. F
3. M	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L	3. D	3. D	3. F	3. M	3. M	3. F
4. M	4. F	4. L	4. D	4. F	4. S	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. L
5. D	5. F	5. S	5. M	5. F	5. M	5. F	5. F	5. S	5. D	5. F	5. S
6. M	6. L	6. M	6. F	6. L	6. D	6. F	6. F	6. M	6. M	6. L	6. M
7. F	7. S	7. D	7. F	7. S	7. M	7. L	7. L	7. D	7. F	7. S	7. D
8. F	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M	8. M
9. L	9. D	9. F	9. S	9. D	9. F	9. M	9. M	9. F	9. L	9. D	9. F
10. D	10. M	10. F	10. M	10. M	10. L	10. D	10. D	10. F	10. S	10. M	10. F
11. M	11. F	11. L	11. D	11. F	11. S	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. L
12. D	12. F	12. S	12. M	12. F	12. M	12. F	12. F	12. S	12. D	12. M	12. S
13. M	13. L	13. M	13. F	13. L	13. D	13. F	13. F	13. M	13. L	13. M	13. M
14. F	14. S	14. D	14. F	14. S	14. M	14. L	14. L	14. D	14. F	14. S	14. D
15. F	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M	15. M
16. L	16. D	16. F	16. S	16. D	16. M	16. M	16. M	16. F	16. L	16. D	16. F
17. D	17. M	17. F	17. M	17. M	17. L	17. D	17. D	17. F	17. S	17. M	17. F
18. M	18. F	18. L	18. D	18. F	18. S	18. M	18. M	18. L	18. M	18. L	18. L
19. D	19. M	19. F	19. M	19. F	19. M	19. F	19. F	19. S	19. D	19. F	19. S
20. M	20. L	20. M	20. F	20. L	20. D	20. F	20. F	20. M	20. M	20. L	20. M
21. F	21. S	21. D	21. F	21. S	21. M	21. L	21. L	21. D	21. F	21. S	21. D
22. F	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M	22. M
23. L	23. D	23. F	23. S	23. D	23. M	23. L	23. L	23. D	23. F	23. S	23. F
24. S	24. F	24. L	24. M	24. M	24. L	24. D	24. D	24. F	24. S	24. M	24. F
25. M	25. F	25. S	25. D	25. F	25. S	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F	25. L
26. D	26. F	26. L	26. M	26. F	26. M	26. F	26. F	26. S	26. D	26. F	26. S
27. M	27. L	27. M	27. F	27. L	27. D	27. F	27. F	27. M	27. L	27. M	27. M
28. F	28. S	28. D	28. F	28. S	28. M	28. L	28. L	28. D	28. F	28. S	28. D
29. F	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. F	29. M	29. M
30. L	30. D	30. F	30. S	30. D	30. M	30. L	30. L	30. D	30. F	30. S	30. F
31. S		31. F		31. M	31. L	31. D		31. S		31. F	

4.1 Leyfisdagur

Sumarfrí 20 virkir dagar frá 10. Júlí – 7. ágúst 2026.

4.2 Skipulagsdagur

Skipulagsdagur skólaársins 2025-2026 verða 6 talsins, allir heilir:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (fimmtudagur): Heilsuvernd + önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **17. september** (miðvikudagur): Undirbúningur vetrarstarfs.

Skipulagsdagur **13. október** (mánudagur): Ráðstefna FL og SÁUS *Hvað er leikskóli*.

Skipulagsdagur **2. janúar** (föstudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **24. febrúar** (þriðjudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna, námskeið o.fl.

Skipulagsdagur **7. apríl** (þriðjudagur): Innra mat, starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

5 Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskráin hefur verið í uppfærslu og er von á að ný útgáfa komi út á haustmánuðum 2025. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>.

Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hverri deild fyrir sig. Þær eru yfirleitt yfirfarnar á hverju vori og uppfærðar ef þörf er á. Við slepptum því hins vegar að fara yfir þær nú í vor, en verða þær uppfærðar eftir að Skyjaborgarhluti skólanámskrár hefur verið samþykktur nú á haustmánuðum. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans>.

Í Handbók Skýjaborgar – leikur, mál og læsi má finna áherslur og aðferðir sem notaðar eru við snemmtæka íhlutun og til að efla málþroska og undirbúning fyrir læsisnám. Handbókina má finna hér: [Handbók Skýjaborgar Leikur, mál og læsi](#).

5.1 Skólaþróun í samstarfi við MSHA

Hvalfjarðarsveit er með samning við MSHA um skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Síðasta 2,5 árið höfum við verið í starfsþóunarverkefni um teymisvinnu. Við höfum lokið við yfirferð á efninu og verður unnið að því að festa verkefnið í sessi á þessu skólaári. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið. Það er gert m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teyllum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

5.2 Þemu veturinn 2025-2026

Vinna var unnin á síðasta skólaári í að uppfæra og einfalda þemu sem unnið er með þvert á deildir og er þetta afraksturinn sem við ætlum að prófa að vinna eftir í vetur. Fyrir hvert þema ætlum við að velja eina bók fyrir hvora deild og leggja inn með hópunum.

Tímasetning:	Þema:
September / október	Ég sjálfur og fjölskyldan mín - Litir
Nóvember / desember	Jól – Vinátta
Janúar / febrúar	Líkaminn minn – Könnunarverkefni (Regnboga)
Mars / apríl	Stærðfræði – Tannvernd – Páskar
Mái / júní	Dýr – Farartæki – Umferðarvika

5.3 Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2025-2026

Foreldraviðtöl: Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október og mars. Vikurnar má finna á skóladagatali. Foreldrar geta ávallt óskað eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra.

Afmælis dagar barna: Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns. Á afmælisdaginn fær barnið að gera kórónu, vera þjónninn, það er sungið fyrir það og það fær sérstakt afmælistatarsett til að borða með. Einu sinni í mánuði er sameiginlegt afmæli þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja fyrir afmælisbörnin og fá eitthvað góðgæti frá leikskólanum eins og ber, heimagerðan ísklaka eða saltstangir.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar, þær skoðaðar og sumar lesnar. Rifjum upp að bækur eru ávallt velkomnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september: Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Kynningarfundur Dropa 18. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Kynningarfundur Regnboga 19. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Umferðarvika 14.-17. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Hrekkjavaka 31. október: Búningadagur.

Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember (ath. laugardagur – höldum föstudag 7. nóv): Förum sérstaklega yfir hvað það er að vera góður vinur.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember (ath. sunnudagur – höldum föstudag 14. nóv): Afmælisdagur Lubba. Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. Þriðji bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventa: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 5. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 16. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólaþeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

Bóndadagskaffi 23. janúar: Á bóndadaginn er boðið í bóndadagskaffi.

Þorrinn: Þorrablot haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skráðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Bolludagur 16. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómaðollur í kaffitíma.

Sprengidagur 17. febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 18. febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni og haldið er ball.

Konudagskaffi 27. febrúar: Í tilefni konudags 22. febrúar er boðið í konudagskaffi föstudaginn 27. febrúar.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars (ath laugardardagur – höldum 13. mars): Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Tannverndarvika 16.-20. mars: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Dans: Í febrúar og mars kemur danskennari einu sinni í viku í fimm vikur með danskennslu.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (ath. laugardagur – höldum föstudag 24. apríl): Þá er farið út að tína rusl í nágrenni skólans. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 5., 6. og 7. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: 12. maí er áætluð sveitarferð.

Umferðarvika 18.-22. maí og hjóladagur 21. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskrift: 28. maí kl. 14:00, verður útskrift elstu barna. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá afhent skírteini og gjöf. Hóp- og einstaklingsmyndir teknar. Eftir útskrift, kl. 14:30, er áætluð vorhátíð foreldrafélagsins.

Útskriftarferð: Einn veðurbliðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Sumardagskrá: Starfsfólk útbýr sumardagskrá með uppbrotsdögum í júní, s.s. útidótadagur, búningadagur, bangsa- og náttfatadagur.

6 Innra mat

Við skólann er starfandi innramatsteymi sem fundar eftir þörfum, rýnir í niðurstöður og leggur línur fyrir gerð umbótaáætlunar. Síðasta haust var skipt um kerfi sem unnið er með í innra mati og er nú notast við gæðakerfið BravoLesson. Að auki er aðrir þættir metnir sem sjá má í greinagerð um innra mat. Greinagerð um innra mat hefur verið inn í starfsáætlun til þessa, en er nú á sér skjali sem heitir *Greinagerð um innra mat leikskóla 2024-2025*.

7 Símenntunaráætlun 2025-2026

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Horfa skal til niðurstaðna í Greinagerð um innra mat leikskóla við undirbúning skipulagsdaga og fræðslu.

Yfirlit yfir símenntun 2025-2026

Allir skipulagsdagarnir eru hafðir heilir, meiri ánægja með það. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundi. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með Leik- og grunnskóla.

Yfirlit yfir skipulagsdaga og fagfund:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (fimmtudagur): Heilsuvernd + önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **17. september** (miðvikudagur): Undirbúningur vetrarstarfs.

Skipulagsdagur **13. október** (mánudagur): Ráðstefna FL og SÁUS *Hvað er leikskóli*.

Skipulagsdagur **2. janúar** (föstudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **24. febrúar** (þriðjudagur): Starfsmannafundir, deildarvinna, námskeið o.fl.

Fagfundur **19. mars** (fimmtudagur): Fagfundur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Skipulagsdagur **7. apríl** (þriðjudagur): Innra mat, starfsmannafundir, deildarvinna o.fl.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.

Yfirlit yfir símenntunarpörf innan leikskólans

2025-2026	2026-2027	2027-2028
Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)	Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár).	Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)
Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).		Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).